

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1999

29. september 1999

1833

Nr. 631

REGLUR

um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna.

1. gr.

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálms við hjólreiðar.

2. gr.

Barni er ekki skylt að nota hlífðarhjálms við hjólreiðar ef það hefur fengið læknisvottorð, sem undanþiggur það notkun hans af heilsufars- eða læknisfræðilegum ástæðum.

3. gr.

Lögreglan skal vekja athygli barna á skyldu skv. 1. gr.

4. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 72. gr. a umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. október 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.